

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný gr., sem verður 5. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd Ríkisábyrgðasjóðs að taka allt að 50 millj. króna innlent lán handa sjóðnum til að greiða kröfur samkv. 4. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að ábyrgjast allt að 5 milljón króna innlent eða erlent lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri, til endurbóta á skipasmíðastöð fyrir-tækisins og til þess að koma upp skipasmíðastöð fyrir stálskip á Akureyri, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.